

# REGLUGERÐ

## um dómstól BLÍ

### 1. gr. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um öll mál sem kærð eru til dómstóls BLÍ.

### 2. gr. Lögsaga og hlutverk

Dómstóll BLÍ skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málum sem heimilt er að kæra og koma upp innan vébanda Blaksambands Íslands og varða lög og reglur BLÍ. Dómstóll BLÍ skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum BLÍ.

Dómstóllinn tekur mál til skoðunar að undangenginni kæru og getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum og reglugerðum BLÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga Blaksambands Íslands vegna brota þeirra á lögum og reglugerðum BLÍ.

Dómstóll BLÍ er eini og æðsti dómstóll innan blakhreyfingarinnar á Íslandi og hefur aðsetur á skrifstofu Blaksambands Íslands á húsakynnum íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal.

### 3. gr. Skipan

Dómstóll BLÍ skal skipaður þremur dómurum sem eru allir löglærðum og einum dómara til vara sem er einnig löglærður.

Dómarar skulu kosnir á regluglegu blakþingi til setu fram að næsta reglulega blakþingi. Dómstóllinn kys sér sjálfur dómsforseta.

### 4. gr. Hæfi

Dómari er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verði maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Hann tengist fyrirsvarsmanni aðila með þeim hætti er segir í 2. tölulið.
4. Ef hann á sjálfur sérstakra eða verulegra hagsmuna að gæta eða venslamenn hans skv. 2. tölul.
5. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu svo sem þegar hann eða nánin skyldmenn eru félagsbundin aðila máls.

### 5. gr. Kærufrestur

Frestur til að kæra mál til dómstóls BLÍ er fimm dagar frá því að úrskurður var kveðinn upp að frátöldum almennum frídögum.

### 6. gr. Endanleg niðurstaða

Dómur Dómstóls BLÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim dómi ekki skotið til annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar, sbr. þó 7. gr.

### 7. gr. Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum dómstóls BLÍ, sem hafa almennt igldi fyrir blakhreyfinguna í heild. Áfrýjun tekur þá aðeins til þeirra atriða máls er hafa slíkt almennt gildi og tilgreind eru í áfrýjuninni. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í þessum tilvikum hvort kæratriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef

áfrýjunardómstóll ÍSÍ hafnar kæruatriðum áfrýjanda telst málinu endanlega lokið með niðurstöðu dómstóls BLÍ.

#### **8. gr. Almennar málsmeðferðarreglur**

Sá aðili sem hyggst kæra mál til dómstóls BLÍ skal senda dómstólnum kæru þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem kærandi byggir á ásamt gögnum málsins. Eftir að kæra hefur borist dómstólnum og skal gagnaðila þá veitt tækifæri á að skila greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem ákvörðun byggist á. Að lokinni framangreindri gagnaöflun telst mál dómtekið. Vitna- og aðilaskýrslur skulu að jafnaði ekki fara fram fyrir dómstólnum nema að fengnu leyfi dómstólsins.

#### **9. gr. Uppkvaðning dóms**

Eftir dómtöku skal dómur dómstóls BLÍ kveðinn upp svo fljótt sem verða og að jafnaði innan viku frá dómtöku málsins.

#### **10. gr. Efni dóma**

Dómar skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:

1. Hverjir séu aðilar máls
2. Kröfugerð og málavaxtalýsing
3. Helstu málsástæður og röksemdir aðila
4. Rökstuðningur og niðurstaða dómstólsins
5. Sératakvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.

#### **11. gr. Birting dóma**

Dómstóllinn sendir málsaðilum staðfest endurrit dóms jafnskjótt og hann hefur verið kveðinn upp með tölvupósti til aðila málsins.

Dómur dómstólsins skal jafnframt birtur á heimasíðu BLÍ eftir að hann hefur verið birtur aðilum málsins.